

Þorsteinn Þórarinsson Thorlacius(1886-1970), bóksali og prentsmiðjustjóri

2020/22

Þorsteinn Þórarinsson Thorlacius fæddist 22. september 1886 að Hólum í Eyjafirði og dó 29. maí 1970.

Hann var giftur Þorbjörgu Þorleifsdóttur Thorlacius frá Hólum í Hornafirði f. 3. júlí 1896, d. 12. febrúar 1985. Þau áttu saman þrjú börn, tvær stúlkur og einn dreng.

Faðir Þorsteins var Þórarinn Jónas Jónasson f. 19. febrúar 1853, d. 1. október 1919. Móðir hans var Ólöf Margrét Þorsteinsdóttir Thorlacius f. 16. september 1855, d. 13. maí 1937.

1903 fluttist Þorsteinn til Akureyrar með foreldrum sínum frá Æsustöðum í Eyjafirði. Fyrst í stað vann Þorsteinn þar algenga daglaunavinnu en 1906 hóf hann nám í prentiðn hjá Birni Jónssyni. Að námi loknu var hann handsetjari, fyrst á Akureyri en síðar í Reykjavík. Eftir að Þorsteinn lærði vélsetningu vann hann við það. Þorsteinn flutti aftur til Akureyrar 1918 og var bókari við Klæðaverksmiðjuna Gefjun.

Árið 1934 breytti Þorsteinn um starfsvettvang og keypti Bókaverslun Þorsteins M. Jónssonar. Verslunina rak hann til 1948 en þá flutti hann aftur til Reykjavíkur og gerðist prentsmiðjustjóri við Prentsmiðjuna Eddu h.f. Þorsteinn var prentsmiðjustjóri til 1960 er hann hætti að vinna sökum aldurs.

Þorsteinn var félagi í Lúðrasveitinni Hörpu meðan hann var búsettur fyrst í Reykjavík. Á Akureyri var hann um árabil félagi söngfélagsins Heklu og var meðstofnandi söngfélagsins Geysis.

Þorsteinn var virkur í félagstarfi Skáksambands Íslands og var um tíma í stjórn sambandsins. Hann var fyrsti og eini ritstjóri Íslenska skákblaðsins, tímarits sem Skáksamband Íslands gaf út árið 1925-1927.

Afhending þessi barst frá sonarsyni Þorsteins, Einari Þorleifssyni Thorlacius og er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
27. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Þorsteinn Thorlacíus			
A-Þorsteinn Thorlacíus		1967 - 1967	
Þorsteinn Thorlacíus (1886-1970)			2020 / 22
2020 - A/1	1	- Thorlacíusætt nr. 1 - 675	Stílabók 27 x 21,5cm
2020 - A/1	2	- Thorlacíusætt nr. 676-1289	Stílabók 27 x 21,5cm
2020 - A/1	3	- Thorlacíusætt nr. 1290-1500	Stílabók 27 x 21,5cm
2020 - A/1	4	1967- 1967 Ættartölur: bréf	Laus blöð sem voru fremst í A-1 -1.
2020 - A/1	5	- Greinargerð um Þóru Vilhjálmsdóttur(1873-1949); ættartölur	Laus blöð sem voru fremst og aftast í A-1-3
2020 - A/2	1	- Thorlacíus ætt frá Kristínu Guðbrandsdóttur biskups Þorlákssonar	Bunkar af spjöldum/blöðum bundin saman
2020 - A/2	2	- Thorlacíus ætt frá Steinunni Guðbrandsdóttur biskups Þorlákssonar	Bunkar af spjöldum/blöðum bundin saman
2020 - A/3	1	- Thorlacíus ætt frá Páli Guðbrandssyni biskups Þorlákssonar	Bunkar af spjöldum/blöðum bundin saman
2020 - A/3	2	- Ættartölur Thorlacíusar ættar	Bunkar af blöðum bundin saman